

Fundur í Umhverfisnefnd Heiðarskóla 26. febrúar 2015 klukkan 11:50

Mættir: Arna, Berglind, Angela, Elvar, Ronja, Helga María, Lilja, Markús, Renars, Steinunn, Jón Rúnar og Sigga Lára

Einnig sátu fundinn gestir frá Umhverfis- skipulags- og náttúrverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar, USN: Ólafur, Guðjón, Arnheiður og Daníel

1. Erindi Umhverfisnefndar Heiðarskóla til USN varðandi fjölnota poka. Erindið lesið upp:

„Heiðarskóla 23. janúar 2015

Konur og menn í Umhverfis-, skipulags- og náttúrverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar

Við höfum heyrt að Umhverfis-, skipulags- og náttúrverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar ætli að gefa íbúum sveitarfélagsins fjölnota poka. Okkur í Umhverfisnefnd Heiðarskóla list mjög vel á það því þá minnkum við plastnotkun sem er gott fyrir náttúruna. Okkur langar að vita hvort og þá hvenær þið ætlið að gefa pokana. Okkur datt í hug að gaman væri að gefa þá í tengslum við Dag umhverfisins þann 25. apríl n.k. Reyndar er það laugardagur en við í Heiðarskóla ætlum að halda upp á daginn miðvikudaginn 22. apríl m.a. með lítilli umhverfisráðstefnu. Gaman væri ef þið gætuð kíkt til okkar á ráðstefnuna.

Kær kveðja frá Umhverfisnefnd Heiðarskóla

Arna Rún 1. b, Berglind Ýr 2. b, Angela Ósk 3. b, Elvar Þór 4.b, Ronja Rán 5.b, Helga María 6.b, Lilja Þórey 7. b, Markús Hrafn 8.b, Renars 9.b, Steinunn Anna 10.b, Helena, Sigga V og Sigga Lára“

Fulltrúar USN mjög ánægðir með erindið og vinna varðandi fjölnota poka fyrir íbúa sveitarfélagsins er komin í gang. Ferlið tekur langan tíma og það næst ekki fyrir 22. apríl n.k. Ákveðið að fulltrúi frá USN verði með innlegg um málið á umhverfisráðstefnu Heiðarskóla 22. apríl og svo aftur á skólasetningur 2015 en þá verða pokarnir væntanlega tilbúnir. Einnig ákveðið að fá fulltrúa frá Íslensku gámaþjónustunni til að flytja stutt erindi um flokkun með sérstaka áherslu á plast á umhverfisráðstefnunni. Fulltrúar USN ánægðir með að fá að koma á fund með umhverfisnefnd Heiðarskóla og lögðu til að það yrði árviss viðburður.

Umhverfishópur Stykkishólms fékk styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að ráðast í tilraunaverkefni sem felur í sér að gera Stykkishólm að burðarplastpokalaus sveitarfélagi. Nemendur í Stykkishólmi gerðu myndbönd um plastmengun og mikilvægi þess að draga úr og fara vel með plast. Í lok fundar var horft á vinningsmyndböndin sem lentu í 1. og 2. sæti í verkefninu. Þessi myndbönd tengjast vel umræðunni um að draga úr plastnotkun í Hvalfjarðarsveit.

Myndböndin má finna á slóðinni:

<https://www.youtube.com/watch?v=on--jfpL9qk&list=PLns7xQnXTDAUtRZH8j3IYO2GCkmVYhDib>

Fundi slitið klukkan 12:30